

## Svar

velferðarráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar um greiðslu húsaleigubóta og þróun húsaleigu.

1. *Hversu miklum fjármunum var varið til greiðslu húsaleigubóta 2007–2011, á föstu verðlagi?*

Í töflu 1 er yfirlit yfir heildargreiðslu almennra og sérstakra húsaleigubóta á árunum 2007–2011 á föstu verðlagi í janúar 2012. Jafnframt má sjá sundurliðun eftir því hvort um var að ræða almennar leiguíbúðir, félagslegar leiguíbúðir, námsgarðar, heimavistir eða sambýli.

**Tafla 1. Heildargreiðsla húsaleigubóta á föstu verðlagi.**

Almennar húsaleigubætur	Almennar íbúðir m.kr.	Félagslegar íbúðir m.kr.	Námgarðar/ Heimavistir m.kr.	Sambýli m.kr.	Greiðsla sveitarfélaga s amtals m.kr.
Árið 2007	946	810	317	66	2.139
Árið 2008	1.230	1.049	473	71	2.823
Árið 2009	1.836	1.089	510	71	3.507
Árið 2010	2.068	1.047	462	72	3.649
Árið 2011	1.995	1.091	464	68	3.618
Sérstakar húsaleigubætur	Almennar íbúðir m.kr.	Félagslegar íbúðir m.kr.	Námgarðar/ Heimavistir m.kr.	Sambýli m.kr.	Greiðsla sveitarfélaga s amtals m.kr.
Árið 2008	175,0	10,8	1,0	0,3	187,1
Árið 2009	369,6	23,8	3,8	0,1	397,3
Árið 2010	426,5	605,3	3,1	0,0	1.034,9
Árið 2011	476,5	606,6	4,3	0,3	1.087,7

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

2. *Hversu margir fengu greiddar húsaleigubætur á hverju ári?*

Í töflu 2 má sjá fjölda einstaklinga sem fengu greiddar almennar og sérstakar húsaleigubætur á árunum 2007–2011. Upplýsingar um fjölda einstaklinga sem fengu greiddar sérstakar húsaleigubætur árið 2008 liggja ekki fyrir en söfnun slíkra upplýsinga hófst árið 2009.

**Tafla 2. Fjöldi einstaklinga sem fengu greiddar húsaleigubætur.**

Almennar húsaleigubætur	Almennar íbúðir	Félagslegar íbúðir	Námgarðar/Heimavis tír	Sambýli	Samtals að meðaltali
Árið 2007	4.046	3.390	1.620	515	9.572
Árið 2008	4.141	3.538	1.913	515	10.107
Árið 2009	6.356	3.669	2.082	518	12.624
Árið 2010	7.422	3.784	1.993	513	13.712
Árið 2011	7.316	4.177	2.076	487	14.055
Sérstakar húsaleigubætur	Almennar íbúðir	Félagslegar íbúðir	Námgarðar/Heimavis tír	Sambýli	Samtals að meðaltali
Árið 2008					
Árið 2009	1.153	88	16	0	1.257
Árið 2010	1.472	1.977	24	1	3.473
Árið 2011	1.677	2.045	31	3	3.756

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

3. *Hver var meðalgreiðsla húsaleigubóta á hverju ári, á föstu verðlagi?*

Í töflu 3 er að finna upplýsingar um meðalgreiðslu húsaleigubóta á mánuði á föstu verðlagi á árunum 2007–2011.

**Tafla 3. Meðalgreiðsla húsaleigubóta á mánuði.**

Almennar húsaleigubætur	Almennar íbúðir	Félagslegar íbúðir	Námgarðar/Heimavis tír	Sambýli
Árið 2007	19.476	19.922	16.282	10.756
Árið 2008	24.747	24.707	20.600	11.542
Árið 2009	24.070	24.738	20.431	11.457
Árið 2010	23.224	23.061	19.314	11.686
Árið 2011	22.724	21.768	18.624	11.715
Sérstakar húsaleigubætur	Almennar íbúðir	Félagslegar íbúðir	Námgarðar/Heimavis tír	Sambýli
Árið 2008	-	-	-	-
Árið 2009	26.711	22.552	19.892	9.361
Árið 2010	24.147	25.513	10.732	8.882
Árið 2011	23.677	24.720	11.571	8.541

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

4. *Hver var þróun húsaleigu á árunum 2007–2011, á föstu verðlagi?*

Upplýsingar sem gefa heildarmynd af þróun húsaleigu á íslenskum leigumarkaði hafa ekki verið teknar saman. Hins vegar hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga tekið saman upplýsingar um fjárhæð húsaleigu sem skráð er hjá sveitarfélögum í tengslum við greiðslu húsaleigubóta eins og sjá má í töflu 4. Ber að taka fram að ekki njóta allir leigjendur húsaleigubóta og þar af leiðandi gefa upplýsingarnar takmarkaða mynd af þróun húsaleigu almennt á leigumarkaði.

**Tafla 4. Þróun húsaleigu í tilvikum þegar húsaleigubætur eru greiddar.**

Þróun húsaleigu	Almennar íbúðir	Félagslegar íbúðir	Námsgarðar/Heimavistir	Sambýli
Árið 2007	91.553	61.925	57.074	25.968
Árið 2008	98.904	73.006	59.225	25.075
Árið 2009	95.202	80.488	59.869	25.190
Árið 2010	94.205	81.506	58.801	27.140
Árið 2011	96.381	79.674	59.865	27.679

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Í þessu sambandi er jafnframt rétt að taka fram að Íbúðalánasjóður hefur gert samning við Þjóðskrá Íslands um að hefja skráningu á upplýsingum um fjárhæð leigu sem koma fram í þinglýstum leigusamningum. Vinna við þetta verkefni er þegar hafin og stefnt er að því að helstu upplýsingar verði framvegis gerðar opinberar.